

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Spretts 2015

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Spretts fór fram í Samskipahöllinni í Spretti fimmtudaginn 19. nóvember 2015.

Hannes Hjartarson formaður félagsins setti fundinn og bar upp þá tillögu að hann myndi sjálfur stýra fundinum og Kristinn Hugason skrifaði fundargerð, var það einróma samþykkt.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Stjórnarkjör, skv. 6. gr. laga félagsins.
4. Ákvörðun árgjalds.
5. Afhending ræktunarverðlauna fyrir hæstu kynbótahross; stóðhestar, hryssur, fjórir aldursflokkar.
6. Val ræktunarmanns ársins kunnert.
7. Önnur mál.

Liður 1 til 2: Skýrsla stjórnar lá frami fjölrítuð sem og reikningar félagsins, kynnti Hannes hvoru tveggja og voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

Liður 3: Hannes Hjartarson var kjörinn einróma áfram sem formaður og Guðjón Árnason sem varamaður í stjórn. Kjör þeirra er til þriggja ára samkvæmt lögum félagsins.

Liður 4: Samþykkt óbreytt árgjald næsta árið, kr. 2.000,-.

Liður 5: Kynbótahross til verðlauna 2015, eftirtaldir gripir unnu til farandgripa félagsins:

Hryssur fæddar 2011 – 4 vetra:

Freisting frá Flagbjarnarholti IS2011286653, B: 8.58 H: 7.38 Ae: 7.86 . F: Framherji f. Flagbjarnarholti, M: Von f. Arnarhóli. Ræktandi: Sveinbjörn Bragason

Stóðhestar fæddir 2011 – 4 vetra: enginn sýndur í fullnaðardómi.

Hryssur fæddar 2010 – 5 vetra:

Hátíð frá Vesturkoti IS2010287132, B: 8.05 H: 8.42 Ae: 8.27 . F: Þeyr f. Akranesi, M: Hekla f. Miðsitju. Ræktandi: Finnur Ingólfsson

Stóðhestar fæddir 2010 – 5 vetra:

Silfurtoppur frá Vesturkoti IS2010187114, B: 8.11 H: 7.8 Ae: 7.92, F: Dugur f. Þúfu, M: Skelfing f. Hofstaðaseli. Ræktandi: Finnur Ingólfsson

Hryssur fæddar 2009 – 6 vetra:

Stáss frá Ytra Dalsgerði IS2009265791, B: 7.91 H: 8.45 Ae: 8.24, F: Þokki f. Kýrholti, M: Lúta f. Ytra Dalsgerði. Ræktandi : Kristinn Hugason og Hugi Kristinsson

Stóðhestar fæddir 2009 – 6 vetra:

Galdur frá Reykjavík IS2009125291, B: 8.33 H: 8.58 Ae: 8.48, F: Seifur f. Flugumýri II, M: Snerra f. Reykjavík. Ræktandi: Hörður Jónsson og Sigríður Jónsdóttir

Hryssur fæddar 2008 eða fyrr – 7 vetra og eldri:

Gola frá Hofsstöðum IS2006225427, B: 8.18 H: 8.2 Ae: 8.19, F: Grunur f. Oddhóli, M: Vending f. Holtsmúla I. Ræktandi: Jón Ólafur Guðmundsson, Erla Guðný Gylfadóttir og Þórdís Erla Gylfadóttir

Stóðhestar fæddir 2008 eða fyrr – 7 vetra og eldri:

Þór frá Votumýri IS2008187937, B8.00 H: 8.91 Ae: 8.55, F: Álfur f. Selfossi, M: Önn f. Ketilsstöðum
Ræktandi: Gunnar Már Þórðarson og Kolbrún Björnsdóttir

Undir þessum lið var sýnt kynningarmyndband af öllum gripunum og einnig af þeim gripum sem voru í öðru og þriðja sæti væri því til að dreifa

Liður 6: Hörður Jónsson var kjörinn ræktunarmaður ársins fyrir ræktun sína á stóðhestinum Galdri frá Reykjavík, sjá hér að ofan: Stóðhestar 6 vetra.

Liður 7: Kristinn Hugason kynnti fyrir hönd stjórnar tillögu að reglugerð Hrossaræktarfélags Spretts um árlega veitingu ræktunarverðlauna. Var reglugerðin samþykkt samhljóða og er hér meðfylgjandi. Þá kynnti Kristinn tillögu stjórnarinnar að breyttum reglum um framkvæmd á unghrossakeppni félagsins. Töluverð umræða spannst um þennan lið og vildu sumir ganga lengra í breytingaátt og þá meira í átt að gæðingakeppni en verið hefur. Var samþykkt að málið færi til afgreiðslu í nefnd sem skipuð var á fundinum og skyldi hún semja reglur sem keppt yrði eftir næsta vor. Í nefndina voru kjörnir: Gunnar Már Þórðarson, Jón Ólafur Guðmundsson, Ríkharður Flemming Jensen, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Kristin Hugason sem skyldi kalla nefndina saman.

Hannes Hjartarson tók því næst til máls og flutti kynningarerindi um eðli hrossapestarinnar sem upp kom hér á landi árið 2010 og brýndi fyrir mönnum mikilvægi þess að fylgjast vel með endurteknum sýkingum en þó einkum nýsýkingum folalda. Átaldi Hannes og mjög einarðlega slælega og raunar ámælisverða framgöngu Mast í máli þessu öllu.

Fleira ekki gert og fundi slitið